

Umræða um rammaáætlun á villugötum

Eftir Gísli Már Gíslason

Í drögum að þingsályktunartillögu um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði eru 69 virkjunarhugmyndir metnar og flokkaðir í þrennt, 1) þær sem koma til greina til orkuframleiðslu (alls 21 vatnsafls- og jarðvarmavirkjun), 2) biðflokkur sem skoðaður verður betur (alls 28 hugmyndir) og 3) verndarflokkur, alls um 13 svæði (þar sem 20 virkjunarhugmyndir voru metnar). Flokkunin er vel rökstudd. Það kemur því á óvart að talsmenn orkufyrirtækja og sumir þingmenn skuli halda því fram að verndarflokkurinn sé allt of stór. Þar genga lengst fulltrúi Samorku, fréttamaður Stöðvar 2 og Jón Gunnarsson þingmaður Sunnlendinga.

Þessi umræða er á villigötum, því ekki er tekið tillit til þess að þegar er búið að reisa 28 vatnsaflsvirkjanir og 6 jarðvarmavirkjanir. Þegar er búið að nýta um helming af hagkvæmri vatnsorku (12,2 TWh), þar af stærstu ár landsins. Eftir að lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi var meira að segja virkjunin í Jökulsá á Dal (Kárahnjúkavirkjun) úrskurðuð með svo mikil umhverfisáhrif að ekki væri verjandi að reisa hana, en umhverfisráðherra sneri úrskurðinum við og felldi niður friðlýsingu Kringilsárrana til þess að Hálslón gæti flætt yfir hann. Nátt-



Gísli Már Gíslason

úrusvæði Kárahnjúkavirkjunar var einnig talið hafa einna mest náttúruverndargildi í 1. áfanga rammaáætlunar.

Einnig eru vatnsaflsvirkjanir á friðlýstum verndarsvæðum, eins og Laxárvirkjanirnar Þrjár og Kvíslaveita í Þjórsárverum, með sín 30 km² lón (lítið minna en Mývatn). Þegar er

» Í umræðum um rammaáætlun gleyma virkjanasinnar því að þegar hafa verið reistar 28 vatnsaflsvirkjanir og 6 jarðvarmavirkjanir fram hjá slíkri flokkun.

búið að virkja 4,5 TWh í jarðvarma án þess að þessi svæði væru flokkuð í rammaáætlun eða tekið tillit til þeirra í fyrsta áfanga rammaáætlunar. Því er með réttu hægt að segja að virkjanakostir sem mælt er með í þingsályktunartillögunni ásamt þeim sem búið er að reisa séu 55 á móti 20 í verndarflokki. Þetta ættu þeir sem hafa sig mest í frammi um fjölda verndarsvæða að skoða fyrst áður en þeir fara að bera harma sína á borð landsmanna.

Höfundur er prófessor í vatnalíffræði við líf- og umhverfisfræðideild HÍ.